

Ábyrgð í uppeldi

Forvarnaráætlun leikskóla í Árbæ, Grafarholti og
Norðlingaholti



Júní 2008

Inngangur

Forvarnastefna Reykjavíkurborgar byggir annars vegar á almennum og hins vegar sértækum forvörnum:

Forvarnastefnan tekur til barna og ungmenna frá fæðingu til tvítugs, foreldra og allra sem að málefnum þeirra og uppeldi koma. Lögð er áhersla á að forvarnir hefjist strax í barnæsku, séu heildstæðar, viðtækar og sameini krafta og störf borgarbúa og borgarstarfsmanna. Stefnan er byggð á traustum rannsóknum um árangur og mat á forvarnastarfi og hefur mælanleg markmið sem verða metin og endurskoðuð reglulega. Við framkvæmd og útfærslu stefnunnar skal unnið út frá því leiðarljósi, markmiðum og leiðum sem hér eru sett fram:

Leiðarljós Að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldis-aðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.

Markmið Almennar forvarnir ná til allra barna og ungmenna á aldrinum 0–20 ára en sértækar forvarnir til einstaklinga og hópa sem eru í áhættu.

Almennar forvarnir

Að börn og ungmenni alist upp við góða andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfsmynd, svo merkja megi mælanlegan árangur árið 2010.

Sértækar forvarnir

Að koma í veg fyrir og draga úr neikvæðri frávikshegðun barna og ungmenna, s.s. vímuefnaneyslu, reykingum, ofbeldi, afbrotum og öðru sem bregðast þarf sérstaklega við hverju sinni, með það að leiðarljósi:

- Að neysla vímuefna mælist ekki meðal grunnskólana árið 2010
- Að dregið hafi úr neyslu allra vímuefna í framhaldsskólum árið 2010
- Að börn alist upp án þess að verða fyrir ofbeldi og einelti árið 2010

(Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar, 2006, 3).

Leikskólinn og forvarnir

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) er þess getið að leikskólinn sé fyrsta skólastig barna á Íslandi. Þar er einnig lögð áhersla á að foreldrar beri frumábyrgð á uppeldi eigin barna. Í lögum um leikskóla¹ segir að leikskólakennarar beri ábyrgð á að barn fái nám og kennslu við hæfi hvers og eins. Réttur barna til náms við hæfi hvers og eins, sama hverjar sérþarfir þeirra eru, er einnig tryggður í lögum um leikskóla. Það er því samþætt verkefni leikskólakennara og foreldra að sinna uppeldi og mennta börn á leikskólaaldri.

Almennar forvarnir

Gott uppeldi hefur forvarnargildi. Misbresti í uppeldi er hægt að skipta í tvo flokka, ofbeldi (abuse) og vanrækslu (neglect). Ofbeldi felur í sér að barn getur orðið fyrir skaða í samskiptum við uppalanda og getur ofbeldi bæði verið andlegt og eða líkamlegt. Vanræksla getur verið varðandi umsjón og eftirlit með barni, námi þess en einnig getur vanræksla haft áhrif á sálrænan og tilfinningalegan þroska. Misbrestur í uppeldi felur í sér að seinna geta börn átt við alvarlega erfiðleika að stríða svo sem kvíða og þunglyndi (innhverf vandkvæði), eða árasarhneigð og afbrot (úthverf vandkvæði).²

Almennar forvarnir í leikskóla stuðla að heilbrigði til líkama og sálar með því að kenna börnum um heilbrigða lífshætti s.s. heilsusamlegt mataræði, gildi hreyfingar og hvíldar og mikilvægi jákvæðra samskipta. Sértekur forvarnir í leikskóla eru þær sem snúa að snemmtækri íhlutun þegar grunur eða víska er um erfiðleika varðandi nám og þroska eða slæmar uppeldisaðstæður á heimili. Það á ekki síst við um menntun leikskólabarna á málsviði til að koma í veg fyrir erfiðleika í samskiptum og í námi á seinni skólastigum. Það þarf að gefa börnum með sérþarfir tækifæri til að læra í litlum hópum þar sem áhersla er lögð á að byggja upp sterka sjálfsmynd og sjálfstraust sem er ein besta forvörn gegn vímuefnum þegar barnið eldist.

Uppeldis- og kennsluhlutverk leikskóla er mikið þar sem börn dvelja allt að 9 tíma í skólanum. Kennarar í leikskóla axla því ábyrgð með foreldrum að kenna börnum góða hegðun. Ef illa gengur að vinna með aga í leikskóla þá eru líkur á að það gangi ekki betur þegar barn kemur í grunnskóla þar sem fleiri börn eru á hvern kennara. Mikilvægt er að leikskólakennarar setji markmið í hverjum skóla varðandi þá þætti sem hér hafa verið nefndir og er þessi skýrsla leikskóla í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti unnin með það að markmiði að gera grein fyrir á hvern hátt leikskólar í hverfunum vinna að almennum og sértækum forvörnum með leikskólabörnum og foreldrum þeirra.

¹ Lög um leikskóla no 78/1994.

² Freydis Jóna Freysteinsdóttir (2005). Áhættu þættir ofbeldis og vanrækslu barna. Í **Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna**.

Fyrstu aldurstigin, sem sett eru fram í forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar, tilheyra leikskólum en það fyrra einnig dagforeldrum. Þessi stig eru tvö og hér fyrir aftan er greint frá hvoru stigi fyrir sig og hvernig unnið er með markmiðin í hverjum leikskóla fyrir sig.

Frumbernska 0 – 2ja ára

Markmið: Stuðla að öryggi barna í frumbersku.

Leiðir:

Félagslegt og tilfinningalegt öryggi byggir á yfirfærslu trausts frá foreldrum til starfsfólks leikskóla. Mikilvægt er að huga vel að aðlögun barns að nýju umhverfi og tengslum við starfsfólk. Dagskipulag og reglur leikskóla eiga að mynda ramma um daglegt líf í skólanum og veita barni öryggi varðandi líkamlega og andlega umönnun ásamt vissu um að sérþörfum hvers og eins sé mætt til dæmis varðandi hegðun og nám. Til að ná markmiðum um líkamlegt öryggi þarf að yfirfara reglulega allt umhverfi og aðbúnað í leikskóla en einnig á skólalóð.

Sérstakar áherslur í Árborg eru:

- að gefa aðlögun barna þann tíma sem þarf til að barninu finnist það öruggt
- að starfsfólk sé í góðu daglegu sambandi við foreldra
- að hvetja börnin til sjálfstæðis
- að skapa hættulaust og jafnframt krefjandi umhverfi

Markmið: Styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu.

Leiðir: Dagleg samskipti þurfa að byggja á gagnkvæmu trausti milli foreldra og starfsmanna leikskóla um upplýsingar varðandi barnið. Til stuðnings foreldrum við uppeldi, umönnun og menntun ungra barna er mikilvægt að leikskólakennarar veiti foreldrum fræðslu í viðtölum og á foreldrarfundum og kynni einnig kennslu- og uppeldisaðferðir sem notaðar eru í leikskólanum. Æskilegt er að foreldrar fái tækifæri til að taka þátt í starfsemi skólans.

Sérstakar áherslur í Árborg eru:

- að foreldrar fái tækifæri til að byggja upp traust við starfsfólk leikskólans á aðlögunartíma barnsins.
- að foreldrar fái föst viðtöl 2x á ári þar sem upplýsingar um líðan og framfarir barns koma fram.
- að foreldrar getir óskað eftir viðtali hvenær sem þörf er á

Markmið: Leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum barna.

Leiðir: Heilbrigðir lífshættir byggja á samræmi milli næringar, hreyfingar og hvíldar en einnig á samskiptum við aðra. Mikilvægt er að kenna börnunum að bera ábyrgð á eigin lífsháttum með því að kenna þeim um hollustu matar og stuðla að því að þau hafi ánægju og nautn af því að hreyfa sig jafnt utan- sem innandyra. Ung börn sem dvelja 8-9 stundir í leikskólanum sínum þurfa að hvílast vel til að þau vaxi og þroskist sem best. Mikilvægt er að örva börn til sjálfshjálpar. Taka þarf tillit til sérþarfa hvers barns og skipuleggja skólastarf með tilliti til matartíma, hreinlætis og tíma til sjálfshjálpar.

Sérstakar áherslur í Árborg eru:

- að bjóð upp á hollan og fjölbreyttan mat og hvetja þau til að smakka það sem þau hafa ekki smakkað áður.
- að börnin fái þá hvíld sem hverju og einu er nauðsynlegt
- að börnin fari á hverjum degi út
- að börnin læri almennar hreinlætisvenjur
- að börnin fái tækifæri og tíma til sjálfshjálpar.

Leikskólaaldur 2 – 5 ára

Markmið: Að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna.

Leiðir: Sjálfsmynd barna mótast í samskiptum við aðra einstaklinga, börn og fullorðna. Til að öðlast jákvæða sjálfsmynd þarf barn að finna að það sé viðurkennt af fullorðnum og í hópi félaga sinna en einnig að fá vissu fyrir að hæfileikar þess og geta sé metin til jafns við aðra. Mikilvægt er að kenna börnum um margbreytileika einstaklinga og einnig að virða að það eru ekki allir eins.

Börn eiga auðvelt með að læra að hver einstaklingur sé bestur í einhverju og einnig að það sé enginn þannig gerður að hann geti gert allt jafn vel. Til að kenna þennan hugsunarhátt þarf að horfa til styrkleika hvers barns og vinna út frá þeim. Gefa börnunum tækifæri til að tjá tilfinningar sínar s.s. gleði, samhyggð og vinsemd, ótta, reiði og sorg. Leggja þarf áherslu á að styrkja börnin í að tjá sig í leik og skapandi starfi og hvetja þau til að greina og koma orðum á jákvæða eiginleika sína sem og annarra. Það þarf að kenna börnum að það er allt í lagi að mistakast eitthvað því það er hægt að gera betur næst.

Barn sem getur og kann fær jákvæða mynd af sjálfu sér. Í leikskóla er sjálfstæði og sjálfræði eflt með því að börn fá að velja sér verkefni eða viðfangsefni, þau eru hvött til að mynda sér skoðanir, taka þátt í umræðum og æfa sig í að koma fram fyrir hóp og tjá sig í söng eða töluðu máli. Sjálfshjálp er efld bæði í fataklefanum og við matarborðið og með þátttöku í hinum ýmsu námsaðstæðum í leikskólanum. Börn geta verið þátttakendur í að skipuleggja ýmis verkefni í starfsemi leikskólans og finna með því að tekið er mark á viðhorfum þeirra og skoðunum.

Samstarf milli leikskóla og grunnskóla tekur mið af félagsfærni og námsþörfum barna á báðum skólastigum.

Sérstakar áherlsur í Árborg eru:

- **að mikið samstarf er á milli Árborgar og Árbæjarskóla þar sem lagt er upp úr að börnin þekki vel þær aðstæður sem mæta þeim þegar þau koma í grunnskólann.**

Markmið: Að styrkja félagsfærni barna.

Leiðir:

Til að byggja upp góð samskipti þarf að ríkja grundvallartraust milli kennara og barns en einnig milli kennara og foreldra. Góð samskipti einkennast af virðingu fyrir einstaklingnum, samhyggð, umburðarlyndi, vináttu og viðurkenningu á sérþörfum hvers og eins. Þessa þætti alla á að kenna og efla meðal barna í leikskóla. Til að tryggja góð samskipti þurfa börn að læra að fara eftir reglum samfélagsins, læra siðvenjur þess og almenna kurteisi í samskiptum við aðra og umhverfi sitt.

Félagsfærni er hægt að efla í hópastarfi og með vinnu að sameiginlegum verkefnum. Leitast á við að kenna börnum að taka tillit hvert til annars, setja sig í annarra spor, virða skoðanir og að leysa ágreining en jafnframt að kenna þeim að standa með sjálfum sér. Mikilvægt er að börn læri að hlusta hvert á annað og á hinn fullorðna, spyrja spurninga og leita eftir svörum.

Sérstakar áherslur í Árborg

- **að vinna með lífsleikni þar sem umhyggja fyrir öðrum og umhverfi sínu er í fyrirrúmi.**

Markmið: Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti.

Leiðir:

Heilbrigðir lífshættir felast í þrennu, hollri næringu, hreyfingu við hæfi hvers og eins og nægjanlegri hvíld. Daglegt skipulag leikskóla tekur mið af þessum þáttum. Til viðbótar eru svo jákvæð samskipti mælikvarði á heilbrigði í félagslegu tilliti.

Sérstakar áherslur í Árborg eru:

- **að börnin far í útiveru lámark 1x á dag, einnig að þau fari í lengri gönguferðir að minnstakosti 1x í viku.**
- **að öll börn í leikskólanum leggist niður í hvíld lámark 30 mín á dag.**

Sértækar forvarnir í leikskóla

Sértækar forvarnir miðast við að koma til móts við þarfir sem þegar eru skilgreindar eða að grípa til snemmtæktrar íhlutunar strax og grunur vaknar um sérþarfir eða þroskavandamál. Snemmtæk íhlutun í leikskóla hefur að markmiði að börn geti náð mestum mögulegum þroska, færni og þekkingu áður en næsta skólastigi er náð. Sértækar forvarnir í leikskóla birtast einnig í fræðslu til foreldra um málefni barna og í stuðningi við uppeldishlutverk þeirra.

Það heyrir til sértækra forvarna að starfsfólk leikskóla sé á verði gagnvart aðstæðum barna ef grunur vaknar um vanrækslu s.s. skort á umhyggju og umönnun og/eða að barn búi við ofbeldi eða misnotkun.

Markmið: Nám án aðgreiningar. Í því felst að öll börn fái nám og kennslu við hæfi óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, kynferði, uppruna, menningu eða trú.

Leiðir:

Börn með skilgreindar fatlanir eða raskanir hafa forgang í leikskóla samkvæmt íslenskum lögum. Leikskólasvið Reykjavíkur veitir forgang þeim börnum sem uppfylla viðmiðunarreglur (www.leikskolar.is).

Meðan á leikskóladvöl stendur er gert reglulega mat á þroska barna. Ef í ljós koma vísbendingar um þroskafrávik er í samstarfi við foreldra leitað eftir aðstoð sérfræðinga til að greina hvers eðlis vandinn er. Þegar greining liggur fyrir er skipulögð sérkennsla í samræmi við þarfir barnsins/anna og leitast við að hún komi til framkvæmda eins fljótt og unnt er.

Reynt er að tryggja heildarsýn á aðstæður barna með þverfaglegu samstafi fagstétta. Í því felst samstarf kennara innan leikskólans, samstarfi við sérkennsluráðgjafa, leikskólaráðgjafa, sálfræðinga og félagsráðgjafa á ÞÁG (Þjónustumiðstöð Árbæjar, Grafarholts og Norðlingaholts).

Leikskólakennarar vinna samkvæmt fjölmeningarstefnu Menntasviðs og Leikskólasviðs (www.leikskolar.is). Þeir hafa aðgang að tülkaþjónustu vegna samskipta við foreldra barna af erlendum uppruna (www.allirmed.is) og heyrnarkertra barna (www.hti.is).

Menntasvið og Leikskólasvið gefa út bæklinga á erlendum tungumálum um starfsemi leik- og grunnskóla.

Áfallaáætlun er gerð í leikskólum til að koma til móts við börn, foreldra og starfsfólk þegar aðstæður kalla á slík viðbrögð.

Áfallaáætlun Árborgar

- er í sérstöku riti sem finna má á heimasíðu leikskólans www.arborgin.is

Kennarar í leikskóla hafa tilkynningar- og upplýsingaskyldu til Barnaverndar Reykjavíkur ef grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi (<http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-849>).

Lokaorð

Markmið með námi og kennslu í leikskóla er að efla félagsfærni barna og leggja grunn að námi og þroska þeirra á næsta skólastigi. Kennsluaðferðir eru fyrst og fremst leikir og bein þátttaka í daglegum athöfnum og verkefnum. Ramma um leikskólastarf eru áður nefnd Lög um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla en einnig alþjóðasamþykktir um réttindi barna sem Íslendingar eiga aðild að s.s. Salamankayfirlýsingin og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Forvarnarstefna leikskólanna er í samræmi við áður nefnd rit.

Þeir sem komu að gerð forvarnaáætlunar leikskóla í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti:

Verkefnastjóri:

Guðrún Sigursteinsdóttir, leikskólaráðgjafi.

Leikskólastjórar:

Sigríður Þórðardóttir	Árborg
Margrét Elíasdóttir	Blásalir
Þóra Jóna Jónatansdóttir	Geislabaugur
Emilía Möller	Heiðarborg
Sigrún Baldursdóttir	Kvarnarborg
Guðný Hjálmarsdóttir	Mariuborg
Guðrún Sólveig Vignisdóttir	Rauðhóll
Ásta Birna Stefánsdóttir	Rauðaborg
Sigurlaug Einarsdóttir	Reynisholt
Þórunn Gyða Björnsdóttir	Rofaborg